



Fundargerð

453. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.
Þriðjudaginn 9. júní 2020, kl. 15.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Árný Huld Haraldsdóttir (ÁHH), Embla Dögg B. Jóhannsdóttir (EDJ), Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE), Karl Kristjánsson (KK) og Ágústa Ýr Sveinsdóttir (ÁÝS) í forföllum Ingimars Ingimarssonar. Einnig sat fundinn Ingibjörg B Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri. Gestur í fjarfundarbúnaði á fundinum var Jóhann Þórðarson endurskoðandi.

Oddviti bauð fólk velkomið. Karl Kristjánsson var sérstaklega boðinn velkominn. Oddviti spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundaboð og gögn, engar athugasemdir bárust. Þá kallaði oddviti eftir öðrum málum á dagskrá. Tvö mál bárust og var samþykkt að taka þau til afgreiðslu undir liðnum önnur mál.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er fjórar blaðsíður.

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins

1. 452. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.

Farið yfir fundargerðina, laga þarf nokkur atriði, annars var hún samþykkt samhljóða

2. Stjórn Barmahlíðar 18. og 25. maí 2020.

Farið yfir fundargerðirnar og þær samþykktar.

3. Skipulags- húsnæðis- og hafnarnefnd 8. júní 2020.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

- 3.1. 2004013 - Endurskoðun aðalskipulags Reykhólahrepps.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi skipulags- og matslýsingu sbr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsfulltrúa falið að kynna hana í samræmi við ákvæði skipulagsreglugerðarinnar. Samþykkt samhljóða.

- 3.2. 1903004 - Breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 - 2018.

ÁHH vísar af fundi undir þessum lið. KK stýrði fundir undir þessum lið.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi uppdrátt og greinargerð vegna vindorkugarðs í Garpsdal og skal aðalskipulagsbreytingin auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt samhljóða.

ÁHH kemur aftur inn á fund.

- 3.3. 2006003 - Gufudalur Neðri - nafnabreyting.

Sveitarstjórn samþykkir nafnabreytingu, Gufudalur Neðri í Gufudalur. Samþykkt samhljóða.

3.4. 2006017 - Valshamar, stofnun lóðar.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

3.5. 2005016 - Ársreikningur 2019, hafnarsjóður, leiguíbúðir, Reykhólaveitur.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

3.6. 2006005 - Kauptilboð í eign.

Sveitarstjórn veitir sveitastjóra umboð til þess að gera gagntilboð í eignina í samræmi við umræður á fundinum.

Mál til afgreiðslu

1. 2005016 - Ársreikningur Reykhólahrepps 2019, fyrri umræða.

Jóhann Þórðarson endurskoðandi fór yfir ársreikninginn.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 578,1 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 423,2 millj. kr.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt ársreikningi A og B hluta var neikvæð um 52,2 millj. kr., en rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um 53,2 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi.

Heildareignir sveitarfélagsins námu 706 millj. kr. og heildarskuldir 256,5 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 449,5 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 375,1 millj. kr.

Sveitarstjórn samþykkir að vísa ársreikningi til síðari umræðu. Samþykkt samhljóða.

2. 2006009 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2020.

Viðauki við fjárhagsáætlun 2020 lagður fram. Í viðauka er gert ráð fyrir hækkun á launagjöldum kr. 3.085.349,- og hækkun á verktakaþjónustu um 1.000.000,-. Viðauki verður fjármagnaður af eigin fé sveitarfélagsins. Viðauki samþykktur samhljóða.

3. 2006019 - Forsetakosningar 27. júní 2020.

Lagt er fram erindi frá formanni kjörstjórnar er varðar kjörfund á Reykhólum vegna forsetakosninganna 27. júní 2020. Lagt er til að kjörfundurinn verði haldinn á skrifstofu Reykhólahepps og að fundur standi frá kl. 9 til kl.18. Samþykkt samhljóða.

4. 2006010 - Ráðningasamningur sveitarstjóra.

IBE vikur af fundi undir þessum lið.

Lagður er fram ráðningasamningur við Ingibjörgu B Erlingsdóttur sveitarstjóra.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi ráðningasamning samhljóða.

IBE mætir aftur á fund.

5. 2006011 - Gjaldskrár Reykhólahrepps vegna útleigu íbúða og Reykhólaskóla.

Sveitarstjórn samþykkir að uppfæra gjaldskrár miðað við neysluverðsvísitölu 1. janúar 2020. Samþykkt samhljóða.

6. 2006020 - Leikskóli lóð, framkvæmdir.

Fyrir liggur hugmyndavinna, teikningar fyrir leikskólalóð. Sveitarstjóra er falið að leita tilboða hjá landslagsarkitekt fyrir teikningu skv. fyrirbyggjandi hugmyndum. Samþykkt samhljóða.

7. 2006021 - Reykhóladagar 2020.

Sveitarstjórn samþykkir að bæjarhátíðin verði haldin með öðru sniði í ár vegna ástandsins í þjóðfélaginu. Sveitarstjórn felur tómstundafulltrúa að útbúa hugmyndabanka vegna nýs fyrirkomulags og leita að áhugasömum einstaklingum sem vilja koma að hátíðinni með einum eða öðrum hætti. Samþykkt samhljóða.

8. 2006012 - Umhverfisstofnun, samningur um refaveiðar.

Lagður er fram samningur. Sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða.

9. 2006013 - Rekstur Hólabúðar.

Lögð eru fram tvö erindi frá rekstraraðilum Hólabúðar dagsett 19. maí og 5. júní 2020, er varða húsnæði verslunarinnar, ósk um niðurfellingu á leigu. Sveitarstjórn óskar eftir fundi með rekstraraðilum, sveitarstjóra falið að koma á fundi. Samþykkt samhljóða.

10. 2004018 - Umhverfissvottun Vestfjarða.

Lögð er fram tillaga að skipan þriggja aðila í grænt teymi Umhverfissvottunar. Sveitarstjórn samþykkir framlagða tillögu samhljóða.

Lögð eru fram til umræðu, áhættumat vegna loftslagsvárs og tafla í áætlun um aðgerðir sem falla undir umhverfissvottun. Vísað til næsta fundar sveitarstjórnar. Samþykkt samhljóða.

11. 2006014 - Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. 2020.

Fundarboð lagt fram.

12. 2006015 - Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps, ársreikningur 2019 og fundargerð stjórnar.

Fundargerð og ársreikningur lögð fram.

Mál til kynningar

1. 2003012 - Landvernd - Kæra vegna framkvæmdaleyfis, úrskurður vegna stöðvunarkröfu.

Lagt fram og kynnt.

2. 2005032 - Fjármál sveitarfélaga vegna Covid -19 erindi 25. maí.

Erindi lagt fram og kynnt.

3. 2006016 - Átak í fráveituframkvæmdum.

Erindi lagt fram og kynnt.

4. 2005027 - Fundargerð 884. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð lögð fram og kynnt.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin

1. 2006022 - Sumarfrí nefnda, lokun skrifstofu Reykhólahrepps.

Lagt fram erindi sveitarstjóra varðandi sumarfrí nefnda í júlí og lokun skrifstofu 13. - 24. júlí 2020.

2. Erindi frá Framfarafélagi Flateyjar vegna sumarahátíða.

Sveitarstjórn samþykkir styrk til hátíðarhalda í Flatey að upphæð 100 þús. kr., styrkur fer af áætluðum styrk á fjárhagsáætlun.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 19:05

_____	_____
_____	_____
_____	_____